

SAMNINGUR  
UM ÞÁTTTÖKU LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS,  
LÝÐVELDISINS EISTLANDS, LÝÐVELDISINS KÝPUR,  
LÝÐVELDISINS LETTLANDS, LÝÐVELDISINS LITHÁENS,  
LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS, LÝÐVELDISINS MÖLTU,  
LÝÐVELDISINS PÓLLANDS, LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU  
OG LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU  
Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU

EVROÐUBANDALAGIÐ,

KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,

KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,

SAMBANDSLYÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,

LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,

KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,

LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,

ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,

STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,

KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,

LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,

LÝÐVELDIÐ FINNLAND,

KONUNGRÍKIÐ SVÍÐJÓÐ,

HÍÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

(hér á eftir nefnd „aðildarríki EB“)

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

(hér á eftir nefnd „EFTA-ríki“)

(nefnast saman hér á eftir „núverandi sammingsaðilar“)

og

LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,

LÝÐVELDIÐ EISTLAND,

LÝÐVELDIÐ KÝPUR,

LÝÐVELDIÐ LETTLAND,

LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,

LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,

LÝÐVELDIÐ MALTA,

LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,

LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,

LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,

ÞAR EÐ sáttmáli um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu (hér á eftir nefndur „aðildarsáttmáli“) var undirritaður í Aþenu 16. apríl 2003,

ÞAR EÐ, skv. 128. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður í Óportó 2. maí 1992, er Evrópuríki, sem gengur í bandalagið, skylt að sækja um aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“),

ÞAR EÐ Lýðveldið Tékkland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Slóvenía og Lýðveldið Slóvakía hafa sótt um að gerast aðilar að EES-samningnum,

ÞAR EÐ fjallað skal um skilyrði og skilmála fyrir slíkri þátttöku í samningi milli núverandi samningsaðila og umsóknarríkjanna,

HAFNA ÁKVÆÐIÐ að gera með sér svohljóðandi samning:

*1. gr.*

1. Lýðveldið Tékkland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Slóvenía og Lýðveldið Slóvakía öðlast hér með aðild að EES-samningnum og nefnast hér á eftir „nýju samningsaðilarnir“.
2. Um leið og samningur þessi öðlast gildi skulu ákvæði EES-samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem samþykktar voru fyrir 1. nóvember 2002, verða bindandi fyrir nýju samningsaðilana með sömu skilmálum og fyrir núverandi samningsaðila og með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í samningi þessum.
3. Viðaukar við samning þennan skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

## 2. gr.

## 1) AÐLÖGUN MEGINMÁLS EES-SAMNINGSINS

## a) INNGANGSORÐ

Eftirfarandi komi í stað skrárinnar yfir samningsaðila:

„EVRÓPUBANDALAGIÐ,

KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,

LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,

KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,

LÝÐVELDIÐ EISTLAND,

LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,

KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,

LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,

ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,

LÝÐVELDIÐ KÝPUR,

LÝÐVELDIÐ LETTLAND,

LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,

STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,

LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,

LÝÐVELDIÐ MALTA,

KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,

LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,

LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,

LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,



LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,

LÝÐVELDIÐ FINNLAND,

KONUNGRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

HIÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-  
ÍRLANDS,

OG

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,“

b) 2. gr.

i) Í stað textans í b-lið komi eftirfarandi:

„Hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Ísland, Furstadæmið  
Liechtenstein og Konungsríkið Noreg;“.

ii) Í c-lið falli brott orðin „og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags  
Evrópu“.

iii) Eftirfarandi liður bætist við:

„d) Hugtakið „aðildarlögin frá 16. apríl 2003“ merkir lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og um aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins sem voru samþykkt í Aþenu 16. apríl 2003“.

c) 109. gr.

Í 1. mgr. falli brott orðin „, stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins“.

d) 117. gr.

Í stað textans í 117. gr. komi eftirfarandi:

„Ákvæði um fjármagnskerfin er að finna í bókun 38 og bókun 38a.“

e) 121. gr.

Liður c falli brott.

## f) 126. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 1. mgr.:

- i) Í stað orðanna „og stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu taka til“ komi orðin „tekur til“.
- ii) Þessi breytingarliður á ekki við um íslensku útgáfuna.
- iii) Í stað orðanna „Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar“ komi orðin „Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs“.

## g) 129. gr.

- i. Eftirfarandi málslíður bætist við á eftir fyrsta málslíð 1. mgr.:

„Vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins skulu útgáfur af samningi þessum á eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungversku vera jafngildar.“

ii) Eftirfarandi komi í stað málsliðarins sem nú er þriðji málsliður 1. mgr.:

„Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.“

## 2) AÐLÖGUN BÓKANA VIÐ EES-SAMNINGINN

a) Bókun 36

Eftirfarandi komi í stað fyrstu málsgreinar 2. gr.:

„Sameiginlegu EES-þingmannanefndina skulu skipa alls tuttugu og fjórir nefndarmenn.“

## b) Ný bókun 38a

Ný bókun 38a bætist við á eftir bókun 38:

„BÓKUN 38a

UM FJÁRMAGNSKERFI EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

*1. gr.*

EFTA-ríkin skulu leggja sitt af mörkum til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misvægi á Evrópska efnahagssvæðinu með því að veita fjárstyrki til fjárfestingar- og þróunarverkefna í forgangsgeirunum sem um getur í 3. gr.

*2. gr.*

Framlagið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal nema 600 milljónum evra alls og skulu vera til ráðstöfunar á hverju ári 120 milljónir evra á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009, að báðum dögum meðtöldum.

3. gr.

1. Styrki skal veita til verkefna í eftirtöldum forgangsgeirum:
  - a) umhverfisvernd, þ.m.t. umhverfi mannsins, m.a. með mengunarvörnum og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda,
  - b) stuðningur við sjálfbæra þróun með betri nýtingu og stýringu auðlinda,
  - c) verndun menningararfleifðar Evrópu, þ.m.t. almenningssamgöngur og borgarendurnýjun,
  - d) þróun mannauðsins, m.a. með eflingu menntunar og starfsþjálfunar, styrkingu stjórnsýslu eða opinberrar þjónustu héraðs- og sveitarstjórna og tengdra stofnana, sem og þeirrar lýðræðisskipanar sem þær hvíla á,
  - e) heilbrigðismál og umönnun barna.
2. Heimilt er að veita fjárstyrki til fræðilegra rannsókna sem beinast að einum eða fleiri forgangsgeirum.

*4. gr.*

1. Styrkir EFTA-ríkjanna skulu nema að hámarki 60% af kostnaði við hvert verkefni, nema það sé fjármagnað að öðru leyti með framlögum úr ríkissjóði eða frá héraðs- eða sveitarstjórnnum en í slíkum tilvikum má styrkurinn nema að hámarki 85% af heildarkostnaði. Virða skal gildandi reglur bandalagsins um hámark sameiginlegrar fjármögnunar.
2. Virða skal gildandi reglur um ríkisaðstoð.
3. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal skoða tillögur um verkefni og ganga úr skugga um að þær samræmist markmiðum bandalagsins.
4. Ábyrgð EFTA-ríkjanna á verkefnunum takmarkast við fjárveitingar samkvæmt samþykkttri áætlun. Þau bera ekki ábyrgð gagnvart þriðja aðila.

## 5. gr.

Fjárveitingar skulu renna til þeirra ríkja sem njóta styrks (Tékklands, Eistlands, Grikklands, Spánar, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjaland, Möltu, Póllands, Portúgals, Slóveníu og Slóvakíu) og skiptast þannig:

Ríki sem nýtur styrks	Hlutfall af heildarframlagi
Tékkland	8,09 %
Eistland	1,68 %
Grikkland	5,71 %
Spánn	7,64 %
Kýpur	0,21 %
Lettland	3,29 %
Litháen	4,50 %
Ungverjaland	10,13 %
Malta	0,32 %
Pólland	46,80 %
Portúgal	5,22 %
Slóvenía	1,02 %
Slóvakía	5,39 %



*6. gr.*

Í því skyni að endurúthluta þeim fjármunum, sem hefur ekki verið úthlutað og eru til ráðstöfunar til forgangsverkefna, í einhverju þeirra ríkja sem njóta styrks skal fara fram endurskoðun á styrkúthlutun í nóvember 2006 og aftur í nóvember 2008.

*7. gr.*

1. Fjárframlögin, sem kveðið er á um í bókun þessari, skulu vandlega samræmd tvíhliða framlagi Noregs sem kveðið er á um í samningi um norska fjármagnskerfið.

2. Einkum skulu EFTA-ríkin sjá til þess að sömu reglur gildi um málsmeðferð við umsóknir til beggja fjármagnskerfanna sem um getur í málsgreininni hér að framan.

3. Tillit skal tekið til viðeigandi breytinga sem verða á samheldnistefnumiðum bandalagsins eftir því sem við á.

*8. gr.*

1. EFTA-ríkin skulu skipa nefnd til þess að stýra EES-fjármagnskerfinu.

2. EFTA-ríkin skulu setja frekari ákvæði um framkvæmd EES-fjármagns-kerfisins eftir því sem þörf krefur.

3. Stjórnunarkostnaður skal greiddur af heildarfjárhæðinni sem um getur í 2. gr.

*9. gr.*

Við lok fimm ára tímabilsins og með fyrirvara um réttindi og skyldur samkvæmt samningnum munu samningsaðilar endurskoða þörfina á að taka á efnahagslegu og félagslegu misvægi á Evrópska efnahagssvæðinu með tilliti til 115. gr.

*10. gr.*

Ef ríki, sem nýtur styrks og nefnt er í 5. gr. þessarar bókunar, hefur ekki gerst aðili að samningnum hinn 1. maí 2004 eða hafi orðið breytingar á þeim hópi EFTA-ríkja, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, skulu gerðar nauðsynlegar breytingar á bókun þessari.“

## c) Ný bókun 44

Eftirfarandi bætist við sem bókun 44:

## „BÓKUN 44

UM VERNDARRÁÐSTAFANIR Í AÐILDARLÖGUNUM FRÁ 16. APRÍL  
2003

1. Beiting 112. gr. samningsins í tengslum við almenn, efnahagsleg verndarákvæði og verndarráðstafanir sem er að finna í tilteknu bráðabirgðafyrirkomulagi um frjálsa fólksflutninga og flutninga á vegum

Ákvæði 112. gr. gilda einnig í þeim tilvikum sem tilgreind eru eða um getur í ákvæðum 37. gr. aðildarlaganna frá 16. apríl 2003 og í verndarráðstöfunum í bráðabirgðafyrirkomulaginu undir fyrirsögnunum „Aðlögunartímabil“ í V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur), í lið 30 (tilskipun 96/71/EB) í XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) og í lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93) í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og skulu tímamörk, gildissvið og áhrif vera hin sömu og mælt er fyrir um í þessum ákvæðum.

## 2. Verndarákvæði sem varða innra markaðinn

Almenn tilhögun ákvarðanatöku, sem kveðið er á um í samningnum, gildir einnig um ákvarðanir sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tekur í tengslum við beitingu 38. gr. aðildarlaganna frá 16. apríl 2003.“

### 3. gr.

1. Allar breytingar samkvæmt lögum um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna, sem mynda grundvöll Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „aðildarlögin frá 16. apríl 2003“), á gerðum, sem stofnanir bandalagsins hafa samþykkt og felldar hafa verið inn í EES-samninginn, eru hér með felldar inn í EES-samninginn og gerðar hluti af honum.

2. Í þessu skyni bætist eftirfarandi undirliður við í þeim liðum viðauka og bókana við EES-samninginn sem hafa að geyma tilvísanir til gerða sem samþykktar hafa verið af viðkomandi stofnunum bandalagsins:

„– [CELEX-númer]: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003.“

3. Ef undirliðurinn, sem um getur í 2. mgr., er fyrsti undirliður í viðkomandi lið skal setja á undan honum orðin „eins og henni var breytt með:“.
4. Í viðauka A við samning þennan eru taldir upp þeir liðir í viðaukum og bókunum við EES-samninginn sem breyta þarf með því að skjóta inn textanum sem um getur í 2. og 3. mgr.
5. Sé nauðsynlegt vegna tilkomu nýju sammingsaðilanna að aðlaga gerðir sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn fyrir gildistöku samnings þessa og sé þann aðlögunartexta ekki að finna í samningi þessum verður staðið að slíkri aðlögun í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

*4. gr.*

1. Það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í viðauka B við samning þennan, er hér með fellt inn í EES-samninginn og gert hluti af honum.
2. Staðið verður að hverju því fyrirkomulagi, sem varðar EES-samninginn og um getur í aðildarlögunum frá 16. apríl 2003 en er ekki getið í viðauka B við samning þennan, í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

5. gr.

Öllum aðilum að samningi þessum er heimilt að leggja fyrir sameiginlegu EES-nefndina hvert það mál sem varðar túlkun hans eða beitingu. Sameiginlegu EES-nefndinni ber að taka málið til athugunar með það fyrir augum að finna lausn sem stuðlar að góðri framkvæmd EES-samningsins.

6. gr.

1. Núverandi samningsaðilar og nýir samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

2. Samningur þessi öðlast gildi sama dag og aðildarsáttmálinn, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki samnings þessa hafi verið afhent fyrir þann dag og að eftirtaldir samningar öðlist einnig gildi þann dag:

- a) samningur milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2004–2009,
- b) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

- c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,
- d) samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um tiltekna landbúnaðarafurðir.

3. Þótt einhverjir nýju samningsaðilanna hafi ekki afhent skjöl sín um fullgildingu eða samþykki til vörslu á tilsettum tíma öðlast samningurinn gildi gagnvart þeim ríkjum sem það hafa gert. EES-ráðið skal þá tafarlaust ákveða hvernig aðlaga beri samning þennan, sem og EES-samninginn eftir atvikum.

*7. gr.*

Samningi þessum, sem er gerður í einu frumriti á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, norsku, pólsku, portúgölsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku og þýsku, og er hver þessara texta jafngildur, skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins og sendir skrifstofan ríkisstjórn hvers samningsaðila staðfest endurrit.